

Fagráð í hrossarækt

61. fundur

Staður og stund: Félagsheimili Fáks í Víðidal þriðjudagur 12. febrúar 2013 kl. 10:00.

Mættir: Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Vignir Siggeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Sigurbjartur Pálsson, Ísleifur Jónasson og Gísli Gíslason.

Dagskrá

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 60 frá 17. desember 2012 til samþykktar og undirritunar
2. Aðalfundur FEIF
3. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
4. Heilbrigðisskoðun kynbótahrossa
5. Félagskerfi hestamanna
6. Önnur mál

1. Fundarsetning.

Formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð nr. 60 til samþykktar og undirritunar. Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

2. Aðalfundur FEIF.

Aðalfundur FEIF hafði verið haldinn í Frakklandi helgina 8. – 10 febrúar. Guðlaugur, Jón Baldur Lorange, Sigbjörn Björnsson og Kristín Halldórsdóttir höfðu setið fundinn frá kynbótageiranum.

Guðlaugur gerði grein fyrir því helsta sem rætt hafði verið á fundinum.

Samþykkt var að skerpa á þeirri verklagsreglu að ef hross mætir ekki til heilbrigðisskoðunar eftir reiðdóm skuli það dæmt úr leik og reiðdómur falla niður.

Þá var samþykkt sem ófrávíkjanleg regla að eldri sköpulagsdómar skuli ætíð hafðir við hendina þegar hross mætir að nýju til dóms.

Ákveðið var að halda áfram með þá nýbreytni frá síðasta hausti að halda opinn fund fyrir ræktendur og verði stefnt á þýskumælandi löndin næsta haust.

Ekki verður af áætluðu námskeiði fyrir nýja alþjóðlega kynbótadómara sem halda átti í vor á Hólum. Ástæðan er þátttökuleysi en aðeins einn aðili var skráður á námskeiðið.

Hinsvegar er stefnt á námskeið fyrir unga knapa á Skeiðvöllum eins og undanfarin ár.

Þá er stefnt á námskeið í unghrossadómum með haustinu.

Rætt var um og dreift reglum um ræktunarbússýningar sem áætlaðar eru á heimsleikunum í Berlín svo og um auglýsingabása til að kynna ræktun einstakra landa og einstaka ræktendur.

Jón Baldur flutti skýrslu um það helsta sem unnið hafði verið í WorldFeng á árinu. Nú er þar fullburða nýtt skráningarkerfi fyrir kynbótasýningar þ.e. að umsjónarmaður grips geti skráð hann til kynbótasýningar á netinu og greitt í leiðinni fyrir sýninguna.

Á árinu var opnað fyrir að eigendur gætu sjálfir sett inn myndir af hrossum í WF.

Aukið var við möguleika eigenda varðandi aðgerðir í heimaréttinni svo og tengingu

WF við heimasíður ræktunarbúa. Þá var bætt við möguleikum í opna hluta WF og komið á sérstöku kerfi innan WF til utanumhalds á pappírnum og skjölum viðkomandi einstökum gripum.

Fjölörk verkefni eru sem fyrr á verkefnalista WF fyrir komandi ár. M.a. að tengja WF við kerfi Matís varðandi DNA greiningar og þörun. Fullmótun á skráningarkerfi fyrir afkvæmadóma og innsetning slíkra í WF. Áfram er unnið að inntöku sport gagna og bætingu á þeim hluta kerfins. Stefnt er á nýja útgáfu valþörunarforrits Þorvaldar Árnasonar þar sem m.a. er tekið tillit til hins ný uppgötvaða "gangráðs" og fyrirhugað er að verða við ósk fjölmargra FEIF landa um forritun sem gerir mögulegt að halda utanum unghrossadóma eftir línulegum skala.

Allmikil umræða varð á fundinum um gagnsemi unghrossadóma og hversu mikla áherslu ætti að leggja á þá. Lagði Guðlaugur til að forsenda þess að taka slíka dóma inn í upprunaættbókina WF væri að tveir alþjóðlegir dómarmar stæðu að dómnum. Sú tillaga fékk ekki meðbyr og munu því dómarnir áfram verða unnir á líkan hátt og til þessa þ.e. að innanlandsdómarmar dæmi unghrossin.

Dr. Þorvaldur Árnason sat fundinn og flutti skýrslu erfðanefndar FEIF fyrir árið 2012. Þorvaldur kom víða við og talaði m.a. um uppgötvun "gangráðsins" og hvaða vinnu þyrfti að vinna varðandi kynbótamatið á árinu. Þar væri um að ræða að skoða áhrif þess að sleppa dómum fyrir 1990 í útreikningum kynbótamatsins, áhrif þess að sleppa einkunnum fyrir skeið undir 6,0 við útreikning á skeiði, áhrif sportgagna á kynbótamatið, áhrif þess að gera hverja sýningu upp sérstaklega til leiðréttingar í stað ára og landa eins og nú er gert og áhrif forvals á niðurstöður kynbótamats.

Þá sagði Þorvaldur frá hugmyndum um nýja útgáfu valþörunarforritsins, þar yrðu helstu nýjungar að auveldara yrði að velja stóðhest sem passaði á viðkomandi hryssu með tilliti til ákveðinna forsendna og aukin nákvæmni hvað varðar litaerfðir. Þá stæði til að byggja inn erfðagreiningu með tilliti til "gangráðsins".

Á fundinum fóru fram kosningar í dómarnefnd FEIF og kosning fulltrúa ræktenda í ræktunarnefnd FEIF. Í dómarnefndina var kosinn Þorvaldur Kristjánsson frá Íslandi í stað Per Kolnes frá Noregi en í ræktendanefndina voru kosin til áframhaldandi setu til eins árs Sussi Lund Lindberg frá Svíþjóð og Inge Kringeland frá Noregi.

Rætt var um áframhaldandi samræmingu vallaraðstæðna en mikill árangur hefur náðst á því sviði á síðustu árum. Flestar þjóðirnar höfðu sent inn upplýsingar um þær vallaraðstæður sem eru hjá þeim í dag og hafði Þorvaldur Kristjánsson unnið úr þeim gögnum drög að ákjósanlegum vallaraðstæðum. Það sem helst var rætt á þessu sviði er að í reglum um aðstöðu stendur í dag að völlurinn skuli vera 250 – 300 metra langur og hefur viðmiðið hjá flestum verið að hann væri 300 metrar. Hinsvegar er nú ljóst af þeim upplýsingum sem liggja fyrir að sumir vellirnir eru 250 metrar án möguleika til lengingar vegna aðstæðna. Því þykir einboðið að minnka áherslu á 300 metra lengd og stefna allt eins á að lengdin 250 metrar sé látin duga. Þá var lögð áhersla á að grindverk eða snúrun við velli ætti að vera sem einföldust og léttust og í hæsta lagi 80 – 100 cm., há.

Samþykkt var að aðeins vottaðir vellir sem stæðust allar lágmarksreglur yrðu notaðir og lægi ábyrgðin hjá ræktunarleiðtoga hvers lands.

Samþykkt var að ef vallaraðstæður yrðu óboðlegar vegna veðurs þá væri heimilt að skipta um völl. Ábyrgð á slíkri ákvörðun lægi hjá formanni dómnefndar í samráði við sýningarstjóra og fulltrúa knapa. Þá var undirstrikað að hross ættu ekki rétt á endurkomu í braut hafi þeim verið riðið áður á þeim velli sem farið væri af vegna aðstæðna.

Ákveðnar voru viðmiðunarreglur varðandi niðurröðun dómara:

- Ekki allir dómarmar frá sama landi (undantekning Ísland), minnst einn frá öðru landi.
- Ekki alltaf sama dómnefnd á sama stað.

- Að minnstakosti einn mjög reynslumikill dómari í hverri dómnefnd sem sé formaður dómnefndar.
- Auka þarf dómaraskipti milli Skandinavíu og Þýskumælandi landa.
- Útvegum dómara frá Íslandi fari í gegnum ræktunarleiðtoga Íslands.

Heilbrigðisskoðun kom talsvert til umræðu og sagði Guðlaugur hvaða hugmyndir væru í gangi varðandi þau mál á Íslandi og frá helstu niðurstöðum úr heilbrigðisskoðun "Klár í keppni" á síðasta landsmóti. Leist hinum ræktunarleiðtogunum vel á þessar nýju hugmyndir og vilja eindregið stefna á að sama kerfi verði allsstaðar komið á við heilbrigðisskoðun og niðurstöður séu skráðar í WF. Nauðsynlegt sé að sýningarstjórar komi á námskeið í vor þar sem farið sé yfir mælingar og heilbrigðisskoðun. Samþykkt var sú ályktun að skora á dómara að beita í frekara mæli en nú er viðurlögum með gulum og rauðum spjöldum þ.e. áminningum komi hross til sýninga eða úr sýningum með alvarlega áverka. Þá var ákveðið að æskilegt væri að stofnuð væri ný velferðarnefnd hjá FEIF þar sem allar deildir FEIF ættu sína fulltrúa og væri það m.a. hlutverk slíkrar nefndar að ákveða hvaða búnaður væri bannaður ef slíkt kæmi til. Ef ekki yrði fallist á slíkt setji ræktunargeirinn upp sinn eigin "rauða lista" ef á þyrfti að halda.

Ræddar voru hugmyndir sem heyrst hafa um að auka fótabúnað til að varnar áverkum. Einróma niðurstaða fundarins var að tillagan væri fráleit og gengi þvert gegn grunvallarmarkmiðum ræktunarinnar að þeir hestar sem bestir væru þurfi sem minnstan fótabúnað.

Samþykkt var ályktun þess efnis að einkunnir/einkunnabreytingar væru að lágmarki kynntar strax þegar þær liggja fyrir á yfirlitssýningum.

Einnig var fólk sammála um að smáar "einkasýningar" ætti að forðast þó erfitt væri að setja fasta reglu um lágmarksfjölda hrossa. Nauðsynlegt væri að allir ættu kost á að sýna hross þó samanburður og kostnaður væru þættir sem litlu sýningarnar liðu fyrir. Rædd var tillaga frá Svíum um að fækka dómurum í tvo og til vara að hækka þann fjölda hrossa sem mætti vera á sýningu sem aðeins tveir dómaraar dæmdu í allt að 50 hross. Fundarmönnum leyst ekki á þá hugmynd að fækka dómurum almennt, hinsvegar var ákveðið að leggja til við næsta aðalfund FEIF þ.e. 2014 að í stað 25 hrossa mættu hrossin vera 35 þar sem aðeins væri krafist tveggja dómara.

Talsvert var rætt um fósturvísaf lutninga og varð niðurstaðan að gaumgæfilega þyrfti að skoða hvort ekki væri þörf á einhverjum viðmiðunarreglum.

Að lokum var rætt um möguleika í markaðsstarfi og frítíma reiðmennsku.

3. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Eins og áður hefur komið fram í fundargerð fagráðs hefur leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði nú verið skipt upp og nýtt fyrirtæki stofnað Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir hefur verið ráðin fagstjóri búfjárræktar þar sem hrossaræktin er undir og Guðlaugur ráðin sem ábyrgðarmaður hrossaræktarsviðs.

Gunnfríður mætti til fundar fagráðs og sagði frá hinu nýja fyrirtæki og svaraði spurningum frá fagráðsmönnum. Útgangspunktur fyrirtækisins er að leggja meiri áherslu á útselda þjónustu, lögð verði áhersla á ráðgjöf sem bændur eru tilbúnir að borga fyrir. Fyrirtækið sér um ræktunarstarf í búgreinunum í umboði BÍ. Stöður landsráðunauta hafa nú verið lagðar niður og stofnaður hefur verið faghópur ráðunauta á hverju sviði þar sem ákveðinn ábyrgðarmaður er í forsvari.

Fagráðsmenn lögðu fjölmargar spurningar fyrir Gunnfríði, Kristinn spurði um hugsanleg tengsl fyrirtækisins við markaðsstarf og Víkingur spurði um eignarhald og fjármögnun.

Gunnfríður taldi að árið í ár yrði nokkur prófsteinn á rekstur fyrirtækisins, breikka þyrfti þjónustuna og forgangsraða verkefnum ef fjármagn vantar. Hvað varðar fækkun starfsmanna verði árið í ár að svara mannaflsbörfinni. Tekjustofnarnir verði það sem lagt er til leiðbeiningaþjónustunnar í búnaðarlagasamningi, búnaðargjald og seld þjónusta.

Eins og áður sagði hefur verið stofnaður faghópur ráðgjafa á hrossaræktarsviði þar sem í sitja auk Guðlaugs, Gunnar Ríkharðsson, Steinunn Anna Halldórsdóttir, Halla Eygló Sveinsdóttir og Pétur Halldórsson. Faghópurinn hefur haldið einn fund og gerði Guðlaugur grein fyrir helstu niðurstöðum þess fundar. Fyrir fundinum hafði legið verkefnalisti frá stjórnendum fyrirtækisins, eftirfarandi var m.a. á þeim lista.

1. Fara yfir þau verkefni sem unnin hafa verið innan hverrar búgreinar/faghóps.
Skoða hvernig þau skiptast og hvaða fjármagn er til ráðstöfunar m.a. til skýrsluhalds og ræktunarstarfs og í kjölfarið skipuleggja hvernig verkum er forgangsraðað.
Skilgreina hvernig og hverjir munu bera ábyrgð á framkvæmd þeirra verkefna vinna þarf.
2. Fara yfir þá sérfræðiþekkingu sem væri til staðar í faghópnum.
3. Fara yfir hvaða sérfræðiþekking væri æskilegt að væri til staðar innan faghópsins.
4. Möguleikar á aukningu á útseldri þjónustu.
Uppbygging fagþekkingar innan sviðsins/endurmenntun.

Guðlaugur hafði fyrir faghóps fundinn tekið saman lista yfir þau verkefni sem unnin hafa verið innan hrossaræktarinnar:

- Skýrsluhald í hrossarækt – utanumhald, útsending og skráning gagna.
- Ræktunarnöfn – utanumhald – úthlutun.
- Upprunareglugerðin – uppfærslur – eftirfylgni - samráðsnefnd.
- Örmerkingar – merking – utanumhald – skráning – námskeið.
- DNA – sýnataka – skráning – yfirferð – samskipti við WF og rannsóknarstofur.
- WorldFengur – nýsköpun – stjórn.
- Kynbótamat – samningar – samráðshópur – kynning.
- Fagráð í hrossarækt – fundir – framkvæmdastjórn.
- Stofnverndarsjóður – umsjón – auglýsingar – yfirferð – úthlutun.
- Gæðastýring í hrossarækt – umsjón – yfirferð – viðurkenningar.
- Kynbótasýningar – utanumhald – mönnun – tækjabúnaður.
- Kynbótadómarar – samskipti – niðurröðun á sýningar – endurmenntun.
- Sýningastjórar – endurmenntun.
- Samskipti við LH, FT, Fhrb., ofl.
- Landsmót – Fjórðungsmót – framkvæmdanefndir – sýningahald.
- Erlend samskipti – FEIF – fundir – útvegum dómara – HM.
- Fundir – hringferð – héraðsfundir – hestamannafélög o.fl.
- Námskeið – hrossadómar – örmerkingar.
- Hrossaræktarráðstefna að hausti.
- Samskipti og störf fyrir hrossaræktarsamtök á einstökum svæðum.
- Ritstörf – bændablaðið – netmiðlar – hestatímarit.

Verkefni tengd skýrsluhaldi hafa að mestu verið á hendi ráðunauta vítt og breytt um landið. Örmerkingar og DNA – sýnataka hefur einnig verið að talsverðu leyti á þeirra hendi svo og skráning gagna því viðkomandi. Utanumhald og mönnun kynbótasýninga að öðru leiti en því sem viðkemur dómurum hefur verið á hendi einstakra búnaðarsambanda. Héraðsfundir og samskipti við einstök hrossaræktarsambönd hafa verið bæði á hendi landsráðunautar og ráðunauta búnaðarsambanda. Önnur verkefni á verkefnalista hafa að mestu verið unnin af landsráðunaut.

Hópurinn taldi ekki auðvelt að forgangsraða verkefnalista, allt væru þetta mikilvægir þættir í starfinu þó skýrsluhald og kynbótasýningar væru án efa grunnþættirnir.

Sérfræðiþekking innan hópsins er nokkuð fjölbreytt. Allir í hópnum hafa BS próf í búvísindum, einn er með masterspróf í fóðurfræði, þrjú eru alþjóðlegir kynbótadómarar og einn aðili hefur sér menntun á sviði landnýtingar.

Hópurinn taldi sig hafa nokkuð víðtæka þekkingu innan sviðsins bæði hvað varðar menntun og reynslu. Það sem helst var nefnt að mögulega vantaði er meiri menntun í kynbótafræði en góður aðgangur að kynbótafræðingum LbhÍ sem sérhæfðir eru á hrossaræktarsviði hefur bætt þar úr.

Möguleikar á aukinni útseldri þjónustu á sviðinu sýnist hópnum liggja fyrst og fremst í fóðurráðgjöf og leiðbeiningum hvað varðar landnýtingu, auk þess sem athuga mætti með unghrossaskoðanir.

Hópurinn taldi að hvað sem liði skráningu skýrsluhaldsgagna og almennri vinnu á hrossaræktarsviði væri nauðsynlegt að einhver ákveðinn aðili væri í forsvari fyrir hrossaræktarmálefnum á ákveðnum svæðum landsins.

Samþykkt var eftirfarandi skipting:

- Vesturland og Vestfirðir fyrir utan Strandir – Guðlaugur.
- Strandir og Húnavatnssýslur – Gunnar.
- Skagafjörður – Steinunn Anna.
- Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur – Anna Guðrún Grétarsdóttir.
- Austurland – Halla.
- Hornafjörður – Halla.
- Suðurland frá Lómagnúp í Hvalfjarðarbotn – Halla og Pétur.

Rædd var á fundinum möguleg skipting verkefna milli ráðunauta í faghópnum.

Niðurstaða eftir yfirferð, umræður og tilfærslur varð eftirfarandi:

Á verkefnalista Guðlaugs verði m.a. eftirfarandi:

Skýrsluhald – almenn ábyrgð og Vesturland/Vestfirðir.

Upprunareglugerðin – uppfærslur – eftirfylgni – samráðsnefnd.

WorldFengur – nýsköpun – stjórn.

Kynbótamat – samningar – samráðshópur – kynning.

Fagráð í hrossarækt – ritari – framkvæmdastjóri.

Stofnverndarsjóður – utanumhald – auglýsingar – úthlutun.

Kynbótadómarar – samskipti – niðurröðun á sýningar – endurmenntun.

Samskipti við LH, FT og Fhrb., ofl.

Erlend samskipti – FEIF – úvegum dómara – HM.

Námskeið – almennt utanumhald.

Fundir – hringferð – aðrir fundir.

Dómstörf.

- Á verkefnalista Gunnars verði m.a. eftirfarandi:
Skýrsluhald – Strandir og Húnavatnssýslur.
Fóðurráðgjöf.
Örmerkingar.
DNA – sýnataka.
Sýningastjórn – Heilbrigðisskoðun.
- Á verkefnalista Höllu verði m.a. eftirfarandi:
Skýrsluhald – Austurland – Hornafjörður – Suðurland í
Hvalfjarðarbotn.
Gæðastýring í hrossarækt – umsjón – yfirferð – viðurkenningar.
Örmerkingar.
DNA – sýnataka.
Dómstörf.
- Á verkefnalista Péturs verði m.a. eftirfarandi:
Skýrsluhald – Suðurland í Hvalfjarðarbotn.
DNA – utanumhald – yfirferð – samskipti við WF og rannsóknarstofur.
Sýningastjórar – endurmenntun.
Örmerkingar.
DNA – Sýnataka.
Sýningastjórn – Heilbrigðisskoðun.
- Á verkefnalista Steinunnar Önnu verði m.a. eftirfarandi:
Skýrsluhald – Skagafjörður.
Ræktunarnöfn – utanumhald – afgreiðsla umsókna – innsetning í WF.
Örmerkingar – utanumhald – námskeið.
Landnýting.
Örmerkingar.
DNA – Sýnataka.
Dómstörf.
Sýningastjórn - Heilbrigðisskoðun.
- Sameiginleg verkefni allra í faghópi verði m.a.:
Kynbótasýningar – utanumhald – mönnun – tækjabúnaður.
LM – FM – framkvæmdanefndir – sýningaskrár – starfsmenn.
Námskeið – hrossadómar – örmerkingar – fóðrun – landnýting.
Hrossaræktarráðstefna að hausti.
Samskipti við hrossaræktarsambönd.
Fundir – héraðsfundir – hestamannafélög ofl.
Ritstörf – bændablaðið – netmiðlar – hestatímarit – ofl.

Mikil umræða varð í fagráði um hið nýja fyrirtæki, uppbyggingu þess og verkaskiptingu. Fram kom að fagráðsmenn eru ekki sammála þeirri ákvörðun að leggja niður starfsheitið "Hrossaræktarráðunautur" eða "Landsráðunautur í hrossarækt" töldu fagráðsmenn að starfsheitið ætti langa og merka sögu og hefði enn í dag ákveðna stöðu ekki síst á erlendum vettvangi.

Þá er fagráð einróma í því áliti að skerpa þurfi betur á verkaskiptingu stjórnenda og undirmanna og marka betur valdsvið ábyrgðarmanns hrossaræktarsviðs (hrossaræktarráðunauts). Fráleitt sé að valdsvið hans og ábyrgð sé skert á þann hátt sem lítur út fyrir, ekki gangi að til andsvara fyrir hrossaræktina á einhverjum stigum mála sé annar ábyrgðaraðili en hrossaræktarráðunautur svo sem verið hefur síðustu hundrað árin.

4. Heilbrigðisskoðun kynbótahrossa.

Margvísleg umræða hefur farið fram um heilbrigðisskoðun og áverka á keppnis og sýningarhrossum frá síðasta fundi fagráðs. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á áætlun um heilbrigðisskoðun og var farið yfir þau mál.

Til fundarins mættu dýralæknarnir Páll Stefánsson og Grétar Hrafn Harðarson og voru þeim kynntar áætlanir fagráðs. Fram kom að ímyndarmál hrossavelferðar væri stór þáttur í áætlunum fagráðs en í umræðu ársins hefði ímyndin beðið hnekki.

Grétar Hrafn taldi málið all flókið en mjög mikilvægt. Í sjálfu sér hefði hann viljað sjá meiri aðkomu dýralækna að kynbótasýningum. Skoðunin “Klár í keppni” væri það sem koma skyldi. Þá taldi hann að mikilvægt væri að standa faglega að málum, samræma þurfi störf dýralækna og aðkomu. Sigríður Björnsdóttir hafi unnið að því að samræma hóp dýralækna en einnig sé augljóst að leikmenn geti metið sár og bólgur.

Grétar sagði það sína skoðun að erfitt yrði að flokka áverka í þrennt eins og drög fagráðs gera ráð fyrir. Þá sagði hann að reiðmennskan, stemmningin og hávaðinn sem fylgdi margri keppni í dag keyrði um þverbak og við gætum einfaldlega ekki haft málin í þessu ferli áfram. Páll tók undir að heilbrigður hestur í dóm sé ekki hvað minnst áriðandi. Auðvitað snúist allt um peninga þegar upp er staðið og því er hann sammála því fyrirkomulagi að áfrýjun sé til dýralæknis ef vafaatriði koma upp. Páll taldi að í þessu þyrftu menn æfingu eins og í öðru og hann væri sannfærður um að t.d. Pétur Halldórsson væri hæfari til þessa eftirlits en ný útskrifaðir dýralæknar. Páll taldi að erfitt gæti verið að meta með vissu áverka á tannlausabilinu sérstaklega ef þeir væru smávægilegar.

Fagráð ákvað að næsta skref yrði að samræma þá aðila sem að skoðuninni koma þ.e. dómnefndir, sýningarstjóra og mælingarmenn.

Samdóma niðurstaða var að greina þurfi betur grófa reiðmennsku. Þá var ákveðið að athugasemdir við útlit og heilbrigði sýningarhrossa verði skráðar í tveimur flokkum, minniháttar athugasemdir í flokk A en talsverðar eða miklar athugasemdir, s.s. sár og bólgur, í flokk B. Lendi hross í flokk B eru afleyðingarnar eftirfarandi.

Við dóm - dómur fellur niður og hross hlýtur ekki verðlaun.

Við yfirlitssýningu - breytingar sem verða á yfirliti falla niður og hross hlýtur ekki verðlaun.

Eigandi/umráðamaður getur áfrýjað til dýralæknis ef hross lendir í flokk B í dómi.

5. Félagskerfi hestamanna.

Allnokkur umræða hefur verið á síðustu mánuðum um félagskerfi hestamanna og hvað menn sjá helst fyrir sér í þeim efnum á næstu árum. Rætt var um málefnið frá ýmsum hliðum og hvort fagráð ætti að hafa einhverja forgöngu um breytingar á núverandi kerfi og fyrirkomulagi.

Fagráð telur að markaðs og kynningarmál séu ekki í nógu góðum farvegi og verulegs átaks sé þörf á því sviði. Atvinnugreinin hafi mikla þörf fyrir að ná aftur vopnum sínum. Hryggjarstykkið er það sem BÍ hefur haft með lögformlegum hætti á sínum höndum upprunaættbókin og ræktunin. Spurning sé hinsvegar hvaða leið væri heppilegust til að skapa nýtt afl, fjármunir eru þar verkfærið líkt og alltaf. Farsælast gæti verið að sameina öll hagsmunasamtök í ein samtök hestamennskunnar. Þar í þyrftu að vera allir sem hefðu atvinnu af íslenska hestinum t.d. ætti hestatengd ferðaþjónusta ekki að vera undanskilin. Þarna yrði um að ræða eitt andlit útávið fyrir hestamennsku á Íslandi, ein samtök allra, íþrótta, ráðuneyta, ræktunar og annarra hagsmunaaðila. Mat fagráðs er að best sé að fá að verkinu óháða aðila sem ekki eru bundnir í báða skó varðandi núverandi kerfi.

6. Önnur mál.

- a) Lögð var fram fundaráætlun Kristins og Guðlaugs en fyrsti fundurinn mun verða í Eyjafirði 18. febrúar. Rætt var um hvað helst yrði á dagskrá fundanna.
- b) Á fundi í áðurnefndum faghópi í hrossarækt fóru fram allmiklar umræður um hin ýmsu málefni hrossaræktarinnar og hafði Guðlaugur tekið niður nokkur atriði til að athuga eða koma á framfæri við fagrað.
 - Greiðslur opinberra stofnana fyrir akstur starfsmanna. Ákveðið að kanna það mál nánar.
 - Möguleika á meiri notkun bifreiða fyrirtækisins fyrir aðkeypta dómara vegna fjölbreyttari staðsetningar. Einsýnt þykir að slíkt fyrirkomulag borgi sig.
 - Möguleikar á að ein dómnefnd dæmi sköpulag og önnur hæfileika. Þetta sé mál sem gjarna megi skoða nánar.
 - Á að taka DNA sýni aftur úr hrossum sem eru þegar DNA greind en ekki finnst í þeim örmerki við komu til sýningar. Samþykkt var að full langt væri gengið með því að krefjast annars sýnis en skerpa þurfi á DNA ferli þannig að til slíkra vafamála þurfi ekki að koma.
 - Gæðastýring í hrossarækt, hvert á að verða framhald hennar í nýju umhverfi ráðgjafarþjónustunnar. Ákveðið var að Gulaugur ræði málið við BÍ og RML en líklegt sé að einhver gjaldtaka á þátttakendur komi til.
 - Guðlaugur hafði tekið saman upplýsingar um samhengi hóflengdar og áverka og einkunna og áverka og gerði fagraðsmönnum grein fyrir þeim niðurstöðum.

Fleira ekki tekið fyrir,
Fundu slitið kl.: 16:00.

Guðlaugur V. Antonsson
ritari fagraðs í hrossarækt.